

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka sauðfjárbænda um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Landssamtök sauðfjárbænda hafna því að landnýtingarpáttur gæðastýringar (LGS) í sauðfjárrækt samræmist ekki lögum og góðum stjórnsýsluháttum eins og kemur fram í þingsályktuninni.

Í greinagerð frumvarpsins segir: „*Talið er að 10–20% fjárstofnsins gangi af þeim sökum á svæðum þar sem ástand og eðli vistkerfa standast ekki viðmið sem sett eru í tengslum við framkvæmd núverandi búvörulaga. Þeir sem eiga þessa gripi hafa því fengið greiðslur úr ríkissjóði þrátt fyrir að uppfylla ekki nauðsynleg skilyrði samkvæmt ákvæðum laga þar um*“.

Þeir aðilar sem nýta land sem ekki stenst viðmið hafa fullan rétt á að fá greiðslur í gegnum gæðastýringuna svo lengi sem þeirra landnýting er í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í landbótaáætlun. Þeir aðilar sem óskar eftir því að taka upp gæðastýrða framleiðslu senda umsókn þess efnis þar sem m.a. er tilgreint það land sem ætlað er til nýtingar. Meginreglan er sú að landnýting skal vera sjálfbær á öllu landi sem nýtt er til framleiðslunnar. Landgræðslan sem eftirlitsaðili leggur mat á það land sem óskað er eftir að framleiðslan sé stunduð á. Ef beitarlandið stenst viðmið um ástand er hægt að taka upp gæðastýrða framleiðslu. Ef hins vegar landið uppfyllir ekki viðmiðin þá þarf að gera landbótaáætlun. Hún getur falið í sér ýmsar aðgerðir svo sem landgræðslu, friðun, styttingu beitar tíma o.s.frv. Ef beitarland stenst ekki viðmið þá er nýting þess ekki bönnuð, heldur má nýta landið með þeim fyrirvara sem felst í landbótaáætluninni. Landbótaáætlun á að gera til 10 ára. Það er síðan skýrt tekið fram í reglugerð að það feli ekki endilega í sér að allt land uppfylli

viðmið um sjálfbæra nýtingu að þeim tíma loknum. En sannarlega er ætlast til þess að nýtingin stuðli að því að landið færist nær því að uppfylla viðmið.

Landnýtingarpáttur gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu er verkefni sem er í sífelldri mótun og aldrei hafið yfir gagnrýni, enda hefur verkefnið tekið miklum breytingum frá upphafi. Verkefnið er lifandi verkfæri og þarf að mótast eftir því sem reynsla og þekking bætist við. Verkefnið GróLind sem er samstarfsverkefni hagsmunaaðila og annar stofnanna á þessu sviði hefur það að markmiði að skila með reglubundnum hætti heildarmati á ástandi gróðurs- og jarðvegsauðlinda landsins. Því verkefni er einnig ætlað að þróa sjálfbærnivísa fyrir nýtingu gróðurauðlindarinnar. Afurð þess verkefni mun því verða afar mikilvægur þáttur í framkvæmd LGS til framtíðar. Nýsamþykkt landgræðslulög og væntanleg reglugerð um framkvæmd þeirra verður rammi um alla landnýtingu. Í lögnum er gert ráð fyrir að gerð landbótaáætlunar séu alltaf fyrstu viðbrögð í þeim tilfellum sem ástand lands stenst ekki viðmið reglugerðar og er það í fullu samræmi við framkvæmd LGS.

Landssamtök sauðfjárbænda styðja ekki að þingsályktunin verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



Guðfinna Harpa Árnadóttir
Formaður